



Guðjón E. Bjarnason 16. október 1964

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Guðjón E. Bjarnason – Keflavíkurflugvöllur –  
Flugumferðarstjórn – Flugvallarstjórn – Varnarmáladeild – Bogi Þorsteinsson

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-31, Örk 1

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Gunnar!

Góti: fátu umsögn  
Boga forst. um þetta.  
V:5 verðum at komast til  
botus: málinu. B. Ben

Keflavíkurflugvelli  
16. okt., 1964.

Hæstvirtur Forsætisráðherra:

Með tilvísun til viðræðna við yður daganna 23. og 30. sept. og 7. okt. s.l., í sambandi við starfsumsóknir mínar á Keflavíkurflugvelli, vil ég ekki láta hjá líða að skýra yður frá einu af mörgum líkum viðskiftum, er ég hef átt við deildarstjóra varnamáladeildar, hr. Hörð Helgason s.l. tvö ár, í sambandi við umsóknir mínar um opinber störf á Keflavíkurflugvelli.

2. Þann 2. október s.l. hitti undirritaður forstöðumann flugumferðarstjórnar á Keflavíkurflugvelli að máli á heimili hans og skýrði honum frá því, að samkvæmt ummælum viðkomandi stjórnvalds utanríkisráðuneytisins, væri talið að m.a. hann hefði lagst gegn því, að mér yrði veitt starf hjá flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli, og af þeim orsökum væri erfiðleikum bundið að taka jákvæða afstöðu til umsóknar undirritaðs hjá flugþjónustunni á Keflavíkurflugvelli. Til að eyða þessum orðrómi kvaðst forstöðumaður flugumferðarstjórnar, vera mjög fús til að afhenda mér yfirlýsingu þess efnis, að hann hefði ekki staðið gegn stöðuveitingu undirritaðs hjá flugmálum á Keflavíkurflugvelli, né mundi hann heldur standa gegn henni; sagðist yfirflugumferðarstjóri afhenda mér ofangreinda yfirlýsingu síðdegis laugardaginn 3. okt.

3. Það skal tekið fram að undirritaður kom til viðtals hjá deildarstjóra varnamáladeildar kl. ca. 1330 síðdegis 2. okt. s.l., og tjáði undirritaður honum hvað hann hefði í huga í sambandi við umsókn á flugvellinum - sbr. framanritað. Virtist deildarstjóri taka mér vel, og kvaðst hann mundi reyna að greiða götu mína í sambandi við framangreint mál og skildi ég hafa samband við sig árdegis 5. okt. 1964.

4. Þegar undirritaður mætti á heimili hr. Boga Þorsteinssonar, yfirflugumferðarstjóra, síðdegis laugardaginn 3. okt. s.l., til að vitja framangreindrar yfirlýsingar, skýrði Bogi mér frá því, að nokkru fyrir hádegi 3. okt. s.l., hefði deildarstjóri varnamáladeildar, Hörður Helgason, boðað sig á eintal í skrifstofu flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli og innt sig eftir því hvort að Guðjón Bjarnason, fyrrv. deildarstjóri flugumsjónar, hefði farið fram á yfirlýsingu hjá honum í sambandi við atvinnuumsóknir hans á Keflavíkurflugvelli. Kvað Bogi svo vera, og væri meiningin að afhenda honum tjéða yfirlýsingu síðdegis sama dag. Sagði Bogi þá Hörð hafa lýst því yfir við sig að hann hefði enga heimild til að gefa út slíka yfirlýsingu, enda væri það bezt fyrir hann að hafa ekki slíkt í frammi, algjörlega í andstöðu við yfirmenn sína; sagði hann jafnframt hafa bent honum á það að sennilega væri hér um einhver brögð að ræða af hendi Guðjóns; auk þess, sem hann lét í veðri vaka að það væri "ekkert að marka" hann.


./.

5. Sagðist yfirflugumferðarstjóri því miður ekki geta að svo stöddu afhent mér yfirlýsingu þá, sem að ég væri að sækja um vegna hótanna Harðar Helgasonar, deildarstjóra varnamáladeildar, og bað mig jafnframt að reyna að setja mig í aðstöðu sína; hinsvegar kvaðst hann mundi réttilega skýra frá málsatvikum ef til þess kæmi.

6. Með tilvísun til framanritaðs óska ég eftir að tilkynna yður, hestvirtur forsætisráðherra, að hr. Bogi Þorsteinsson hefir lýst því yfir við mig, að hann sé reiðubúinn að staðfesta framangreind orðaskifti, ef þess er óskað, og yrði mér mjög kærkomið ef að sú afstaða skapaðist, sem væntanlega gæti orðið til þess, að rétta hag minn í viðkomandi vandamáli.

GEB/geb

Með virðingu.

  
Guðjón E. Bjarnason.

Afr.: Hr. Bogi Þorsteinsson.